

**Sp.**

**87. Tillaga til þingsályktunar**

[78. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Jónas Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

- a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (vixilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra.
- b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánnum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

**Greinargerð.**

Það er kunnara en rekja þurfi, að iðnaðurinn hefur búið við mikinn rekstrarfjárskort á undanförunum árum. Þessi fjárskortur hefur orðið til þess, að mörg fyrirtæki hafa orðið að draga saman seglin, en önnur hreinlega gefizt upp. Hægt er að vitna í ummæli ýmissa forustumanna iðnaðarins þessu til sönnunar.

Þessi tillaga er flutt til að stuðla að því, að iðnaðinum sé a. m. k. tryggt visst lágmark rekstrarlána. Efni hennar er að mestu samhljóða tillögu atvinnuálanefndar Reykjavíkurborgar frá því í desember 1968. Nefndin taldi nauðsynlegt fyrir atvinnuöryggið, að iðnfyrirtæki hefðu tryggingu fyrir ákveðnu lágmarki rekstrarlána.

Í samræmi við þetta skal það tekið fram af hálfu flutningsmanna, að litið er á þessa tillögu sem hreina bráðabirgðalausn og koma þurfi þessum málum í miklu fullkomnara horf í framtíðinni.